

S A M Þ Y K K T

fyrir veiðifélag Hvítár og Norðlingafljóts.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Hvítár og Norðlingafljóts. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns þess.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða og afréttla, sem land eiga að straumvatnasvæði Hvítár, ofan ármóta hennar og Reykjadalársár, og sem fiskur getur haft för um. Jarðirnar eru: Kalmanstunga I og II, Fljótstunga, Gilsbakki, Bjarnastaðir, Kirkjuból, Hvammur, Haukagil, Sámsstaðir, Háafell, Þorgautsstaðir, Fróðastaðir, Síðumúli, Síðumúla-veggir, Brúareykir, Miðgarður, Kaðalstaðir I og II, Húsafell I og II, Hraunsás, Stóri-ás, Sigmundarstaðir, Refsstaðir, Signýjarstaðir, Norður-Reykir, Reykholt, Skáney, Birkihlíð, Deildartunga I og II, Hurðarbak, Brekkukot, Klettur og afréttarlönd Reykholtsdals- og Hálsahreppa.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda fiskgengd á félagssvæðinu, og einkum að leitast við að koma þar upp laxveiði, ef tök eru á. Enn fremur að ráðstafa veiði og kveða á um nýttjun hennar. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður og fjórir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl þannig, að formaðurinn gengur úr eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur eftir tvö ár, og hinir tveir eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn þannig, að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi úr annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, er vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma, veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess næsta ár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins, og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði, og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. október 1970.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Gerðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kwst.mæli á kr. 10.35 hver kwst.
12. Um kwst.mæli á kr. 4.00 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 45.20 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 15.30 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kwst.mæli á kr. 2.30 hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 17.35 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal teljast hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngilda einu herbergi og 6 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

31. Um kwst.mæli á kr. 5.65 hver kwst. Hafi vélnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 1128.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
32. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 2.30 hver kwst.
33. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk, kjöt eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw.
 - a. Um kwst.mæli á kr. 1.65 hver kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegis og síðdegis, en þó